

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Dagsetning: 19.9.2019 16:26:45
Til: "Ómar Einarsson" <omar.einarsson@reykjavik.is>, "Helga Björnsdóttir" <helga.bjornsdottir@reykjavik.is>, "Skjalaver Höfðatorgi" <Skjalaver_H0xL194zf0xL1D0zatorgi@reykjavik.is>
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak í notkun frístundakorts í 111 - R19090204

Tilvísun í mál: R19090204

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er hér með send menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19090204

BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak í notkun frístundakorts í 111 - R19090204

BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak í notkun frístundakorts í 111 - R19090204

Tillaga um að Reykjavíkurborg fari í sérstakt átak við að auka þátttöku barna í hverfi 111 m.a. með notkun frístundakortsins til íþrótt- og tómstundanáms. Í yfirliti yfir þátttöku barna í skipulögðu starfi árið 2018 og notkun frístundakorta kemur í ljós að þátttakan er lökust í hverfi 111. Þátttaka stúlkna í þessu hverfi er 66% og þátttaka drengja er 69%. Til samanburðar má nefna að mest er skráning í frístundastarf í hverfi 112, drengir með 94% og stúlkur 85%. Ástæður fyrir þessu geta verið af ýmsum toga. Hverfi 111 er Fella- og Hólahverfi og þar er eitt mesta fjölmenningsarsamfélagið í borginni. Flokkur fólksins hefur spurt um stöðu barna í Fella- og Hólaskóla. Þar býr hæsta hlutfall fólks sem er af erlendu bergi brotið. Af svari að dæma er stór hópur barna í hverfinu félagslega einangraður og þar búa margir sem glíma við fátækt. Ekki eru til upplýsingar hjá íþrótt- og tómstundasviði um hlutfall þátttöku barna af erlendu bergi brotnu. Möguleg skýring á minni þátttöku barna í hverfinu er að hér er um efnalitla og fátæka foreldra að ræða sem eiga e.t.v. ekki annan kost en að nota frístundakort barnanna til að greiða gjald frístundaheimilis svo foreldrarnir geti verið á vinnumarkaði. En það er auðvitað ekki markmiðið með frístundakortinu.

Greinargerð:

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn á aldrinum 6-18 ára í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika íþróttá-, lista- og tómstundastarfs eins og segir í reglum um Kortið. Íþróttá- og tómstundarnám er dýrt og notkun frístundakortsins dekkar aðeins brot af þeim kostnaði. Hins vegar er þessi litla upphæð sem frístundakortið gefur engu síður ákveðin hvatning til að taka þátt í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Hér þarf að koma til sérstaks átaks hjá borginni. Slíkt átak gæti t.d. falið í sér að bjóða þeim sem eru verst settir og sem nota frístundakortið til að greiða upp í gjald frístundaheimilis sérstakan styrk til að greiða með frístundaheimili svo barnið geti notað frístundakortið í annað. Einnig þarf að fara af stað með hvatningarátak þar sem börnum þessa hverfis er sérstaklega kynnt hvað stendur til boða og kannað hjá þeim með markvissum hætti hvaða íþróttá- og tómstundargreinar vekji áhuga þeirra. Í kjölfarið þyrfti að sinna eftirfylgni og mæla svo árangurinn eftir einhvern tíma. Það er ekki viðunandi að svo mikill munur sé á milli hverfa í þessu tilliti.